

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

1. gr.

Töluliðir 10.5 og 10.6 í fylgiskjali 2 orðast svo:

- 10.5 Flugeldasýningar, nema á tímabilinu 28. desember til 6. janúar að báðum dögum meðtöldum.
- 10.6 Brennur, sem ætla má að bruni standi yfir í meira en 2 tíma (áramóta - Jónsmessu - ýmsir viðburðir).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 23. nóvember 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2006